

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. nóvember 2023

Breytingatillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar við tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um almenningssamgöngur

Borgarstjórn ítrekar stuðning sinn við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og hvetur til þess að uppfærslu hans verði hraðað.

Borgarstjórn fagnar nýju leiðarneti Strætó sem þróað var í víðtæku samráði og gerir ráð fyrir stóreflingu þjónustu og tíðni Strætó samhliða tilkomu Borgarlínu. Hvetur borgarstjórn til þess að það komist hratt og vel til framkvæmda sem fyrst samhliða undirbúningi og framkvæmdum samgöngusáttmálans þar sem eðlileg aðkoma ríkisins að rekstri öflugra almenningssamgangna verði skilgreind.

Borgarstjórn samþykkir jafnframt að unnin verði áætlun um frekari forgangsakreinar strætó og viðbragðsaðila og forgang Strætó og viðbragðsaðila á ljósum innan Reykjavíkur þar sem slíkt er ekki þegar fyrir hendi. Þessum forgangsreinum og forgangi á ljósum yrði hrint í framkvæmd samhliða eða í aðdraganda framkvæmda hinna mikilvægu forgangsakreinum og forgangs sem samgöngusáttmálinn felur í sér á lykilleiðum.

Borgarstjórn lýsir einnig yfir ánægju með að ný skref verði stigin í betrubótum á greiðslukerfi Strætó á þessu ári og hvetur til að innleiðingu þess verði flýtt, ásamt endurnýjun og orkuskiptum í vagnafloata fyrirtækisins.

Borgarstjórn samþykkir einnig að framfylgt verði áætlun um endurbætur á biðskýlum innan Reykjavíkur sem samgöngusáttmálinn nær ekki yfir, m.a. í samræmi við fyrirliggjandi heildargreiningu um bætt aðgengi að biðstöðvum og tillögu að fjárfestingaáætlun fyrir árið 2024.